

STEFFEN STUMMANN HANSEN

HEIMFERÐ UM ÍSLAND

Danskir sérfræðingar í menningarsögu á ferð á Íslandi 1932

Inngangur

23. september 1932 lét danska eftirlitsskipið *Hvidbjørnen* úr höfn í Qaqortoq (Julianehaab) á Suður-Grænlandi og stefndi til Íslands. Um borð í skipinu, sem kom til Reykjavíkur þremur dögum síðar, var meðal annarra sagnfræðingurinn Poul Nørlund (1888–1951) frá Danmarks Nationalmuseum, sænski fornleifafræðingurinn Mårten Stenberger (1898–1973) frá Uppsalaháskóla ásamt mannvistarlandfræðingnum og fornleifafræðingnum Gudmund Hatt (1884–1960) frá Hafnarháskóla. Félagarnir voru á heimleið frá uppgreftinum á því sem álitid var að hefði verið bær Eiríks rauða *Brattahlíð* (Qassiarsuk) í Eystribbyggð (Nørlund & Stenberger 1934) og úr könnunarferðum um svæðin þar í kring (Stummann Hansen 1999a).

Hópurinn var kjarninn úr þeim fornleifafræðileiðöngrum til Grænlands, sem höfðu farið frá Kaupmannahöfn 1. júní á MS Disko (Mynd 1). Nørlund hafði byrjað uppgrefti sína á Grænlandi 1921 (Nørlund 1924; 1928). Þar hafði hann þegar árið 1926 fengið til sín ungan arkitekt, Aage Roussell (1901–1972) (Nørlund og Roussell 1930; Stummann Hansen 2006). Roussell hafði fljótt sérhæft sig í arkitektúr og gerðum bæja á Grænlandi á miðöldum og öðrum skandinavískum nýbyggðum í Norður-Atlantshafi, og hann var sendur í rannsóknarferð til skosku eyjanna 1931 af Nørlund til þess að finna varðveittar leifar skandinavískra byggingarhefða þar (Roussell 1934; Stummann Hansen 1998; 1999b).

Roussell var einnig á Grænlandi sumarið 1932, þar sem hann vann að uppgroftum í Vestribbyggð á eigin spýtur (Roussell 1936a; 1936b; 1938; 1941). Roussell fór sjálfur heim til Danmerkur nokkrum dögum seinna

en Hatt, Nørlund, Stenberger og Milthers og var því ekki með um borð í Hvidbjørnen.

Hatt hafði komið fótunum undir byggingarfornleifafræði í Danmörku á 3. áratugnum og auðgaði danska fornleifafræði með aðáunarverðri nýrri innsýn í járnaldarsamfélagið á fyrri skeiðum þess, byggingar, bústaði og akra (Hatt 1931, 1936; Stummann Hansen 1983). Sten-



Þátttakendur í Nordbo-rannsóknum sumarsins á Grænlandi. Myndin er tekin um borð í MS Disko rétt fyrir brottförina til Grænlands 1. júní 1932. Frá vinstri: Guðmund Hatt (1884–1960), prófessor í menningarlandfræði við Kaupmannahafnarháskóla, Márten Stenberger (1898–1973), lektor í fornleifafræði við Uppsalaháskóla, Aage Roussell (1901–1972) arki-tekt frá Þjóðminjasafni Danmerkur, Johannes Iversen (1904–1971) grasfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla, og lengst til hægri Poul Nørlund (1888–1951) sagnfræðingur frá Þjóðminjasafni Danmerkur. Á miðri mynd sést “grand old man” Nordbo-rannsóknanna Gustav Holm (1849–1940), sem hafði farið könnunarferðir í Eystribyggð 1880. Fyrir framan Holm og Nørlund sést sonur hins síðarnefnda, Niels (1924–2004), en þeir voru konnir til þess að kveðja leiðangursmennina. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Danmerkur.

berger hafði verið á kafi í byggingar- og búsetufornleifafræðilegum rannsóknum í Svíþjóð síðan á 3. áratugnum (Stenberger 1931) og varði doktorsrit sitt árið eftir (Stenberger 1933). Hann var álitinn fremsti sérfræðingur Svía á þessu sviði, sem auðvitað var ástæðan fyrir því að hann var með í uppgrafarhópi Nørlunds í *Brattahlíð*. Stenberger þekkti fyrir bæði Hatt og Roussell, sem báðir höfðu aðstoðað hann við að afla upplýsinga í sambandi við undirbúninginn undir doktorsvörninna.

Hatt hafði konu sína með sér í ferðinni, listmálarrann Emilie Demant Hatt (1873–1958). Hún, sem var kaupmannsdóttir frá Selde

á Norður-Jótlandi, hafði, eftir að hafa lært samísku um aldamótin, ferðast og búið ein kvenna meðal sama í Norður-Svíþjóð, þar sem hún hafði skrifað niður gamlar samískar sagnir (Demant Hatt 1922). Hún hafði gift Gudmund Hatt, sem var ellefu árum yngri, 1911, og hjónin höfðu farið í ýmsar rannsóknarferðir á árunum þar á eftir, meðal annars í sambandi við undirbúninginn undir tímamótadoktorsritgerð hans *Arktiske Skinddragter fra Eurasien og Amerika* (Hatt 1914), þar sem hún auk þess lagði til teikningarnar (mynd 2).

Með Hatt var eins og áður er getið aðstoðarmaður hans, hinn ungi jarðfræðingur Keld Milthers (1907–1960), sem hafði sérhæft sig í kvarterjarðfræði. Milthers hafði verið aðstoðarmaður Hatts árið áður við járnaldarrannsóknir á jósku heidunum (Gry 1961).

Hópurinn, sem var um borð í Hvidbjørnen þennan septemberdag 1932, var með öðrum orðum ótvíræð forustusveit skandinavískra sérfræðinga í byggingarforneifafraði. Þeir einu sem vantaði var eins og



Mynd 2. Hatt-hjónin. Myndin er tekin 1926. Í Íslandsheimsókninni 1932 var Gudmund 47, en Emilie 59 ára. Gudmund notaði gælunafnið “Putsi” um Emilie. Ljósmynd: Ringkøbing Museum.

áður segir Roussell ásamt Nordmönnum Jan Petersen (1887–1967) frá safninu í Stavanger og Sigurd Grieg (1894–1973) frá Oldsakssamlingen í Osló. Tveir þeir síðastnefndu höfðu báðir mælt og grafið upp mikinn fjölda hústöfta í Vestur-Noregi (Petersen 1933; 1936; Grieg 1934).

Á leiðinni hefur samtalið um borð vafalaust verið líflegt, ekki aðeins um árangur vertíðarinnar heldur einnig um þróun og framtíðarhorfur byggingarfornleifafræðinnar. Í þessum félagsskap fæddist hugmyndin um hinn samnorræna fornleifauppgröft, sem loksins sjö árum seinna varð að veruleika í Þjórsárdal (Stummann Hansen 2001; 2002; 2005).

Erindi Hatts á Grænlandi var þó ekki fyrst og fremst fornleifafræðilegt, sem reyndin var um hina þátttakendurna. 18. apríl sama ár hafði Hatt sótt í Carlsbergfondet um 6000 kr. til „en Undersøgelsesrejse i Sydøst-grønland“¹. Umsóknina rökstuddi hann þannig: „Með fornleifarannsóknum dr. Nørlunds á rústum norrænna manna á Grænlandi hefur það sýnt sig, að kúabúskapur hlýtur að hafa verið gildur þáttur í atvinnulífi norrænna landnámsmanna. Einkum benda sýnileg stór fjós til verulegs kúabúskapar. Rannsóknir prófessors Knud Jessens á mómýrum nærri Igaliko-byggð sýna, að birki hefur verið nokkru meira áberandi í gróðurfari þessa héraðs á tímum norrænna manna en nú er. Próffessor Jessen er sem næst kominn á þá skoðun á grundvelli rannsóknanna sinna, að núverandi gróður mundi varla geta verið grundvöllur búfjárhalds sem væri nálægt því að vera eins stórt í sniðum og á tíma norrænna manna. Samt álítur próffessor Jessen rannsóknir sínar ekki nægilegar til þess að hann geti á grundvelli þeirra sagt til um, í hvað mæli núverandi gróður gæti verið undirstaða nautgripahalds. Til þess að leysa þá gátu er nauðsynlegt að gera nákvæma gróðurrannsókn á stóru svæði sem heyrði einhverri byggðinni til. Það er augljóst að slík mæling væri ekki aðeins menningarsögulega áhugaverð, en hefði jafnframt þýðingu fyrir spurninguna um hugsanlegar loftslagsbreytingar og hefði auk þess ákveðið hagnýtt gildi.“

Hatt skrifaði áfram í umsókninni: „Ég hef rætt málið við dr. Nørlund og dr. Jessen og er kominn á þá skoðun, að ég gæti farið í slíka plöntulandafræðilega kortlagningu og að það ætti helst að gerast í tengslum við þær fornleifarannsóknir sem dr. Nørlund vill vinna á þessu ári. Ég hef hugsað mér að rannsaka aðallega skagann á milli Tunulliarfiks-fjarðar og Sermilik-fjarðar. Á þessum skaga liggur byggð Eiríks rauða (við Qassarsuk), sem dr. Nørlund ætlar að rannsaka í sumar. Eftir að hafa kortlagt plöntulandafræðina, með sérstaklega vandlegum mælingum á öllum grasblettum og kjarri, á þessum skaga og

næsta nágrenni hans til norðurs, norðausturs og vesturs, vil ég – ef tíminn leyfir – fara í könnunarferðir í tengslum við fornleifafræðirannsóknirnar sem hópur úr rannsóknarleiðangri dr. Nørlunds ætlar að vinna að í hinni fornu Vestribyggð.“ Í bréfi 27. maí tilkynnti Carlsbergfondet Hatt að féð hefði verið veitt².

2. maí hafði Hatt beðið Menntamálaráðuneytið um kennsluleyfi frá prófessorsstarfinu í menningarlandafræði við Hafnarháskóla, sem honum var veitt. Í bréfi 31. maí hafði hann ennfremur farið þess á leit við Grænlandsstjórnina að fá fría ferð fyrir sig og Milthers, sem var samþykkt nokkrum dögum seinna, 9. júní, og sem sagt eftir brottförina frá Kaupmannahöfn³.

Hatt lauk við gróðurmælingar sínar og náði jafnframt, ásamt Nørlund – víst í fyrsta skipti í sögu danskrar fornleifafræði – að fara í könnunarferðir og taka ljósmyndir úr flugvél (Stummann Hansen 1999a). Samt varð ekki tími til að verða við þeirri ósk Hatts að gera einnig uppmælingar í Vestribyggð. Með þessa reynslu í farangrinum lagði Hatt nú ásamt félögum sínum upp í átt til Íslands.

Koman til Íslands

Hvidbjørnen kom inn til Reykjavíkur að kvöldi 26. september, en fyrst daginn eftir var gengið á land. Stenberger hafði áður heimsótt Ísland og var þegar álitinn mikill Íslandsvinur (Stenberger 1919a, 1919b, 1919c, 1919d, 1920), en það var sýnilega í fyrsta skipti sem Hatt-hjónin, Milthers og Nørlund heimsóttu landið⁴.

Um daginn eftir, þriðjudaginn 27. september, skrifaði Hatt í minnisbók sína: „Fór í land í Reykjavík. Fór inn á Hótel „Ísland“. Heimsótti fornleifadeild safnsins. Fékk mér göngutúr í bænum. Nørlund ætlaði að heimsækja sendiherrann, le Sage de Fontenay, fyrir okkur, en hann var ekki heima. Um kvöldið hjá Þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni. Ákváðum að fara að Keldum“.

Poul Nørlund, sem opinber danskur leiðangursstjóri, leit þannig á það sem fyrsta verkefni sitt að heimsækja danska sendiherrann í Reykjavík, Frank le Sage de Fontenay (1880–1959) strax eftir komuna til Reykjavíkur (mynd 3–4). Ýmislegt gat bent til þess að sendiherrann vissi ekki um heimsókn Nørlunds, þar sem hann var ekki heima við komu hans. Þegar fyrsta daginn var fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands heimsótt og menn náðu sambandi við forstöðumanninn Matthías Þórðarson (1877–1961) (mynd 5–6). Hann bauð þessum skandinavísku starfsbræðrum sínum heim til sín sama kvöldið þar sem strax voru



Mynd 3. Frank le Sage de Fontenay. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

gerðar áætlanir um veru þeirra hér á landi, samkvæmt Hatt. Heimsókn að Keldum var fyrsta atriði á dagskránni.

Næsta dag kl. 10.15 fór allur hópurinn til le Sage de Fontenay, en aftur „án þess að hitta hann, þó að það væri viðtalstími hans og við hefðum tilkynnt komu okkar“. Eftir þetta var ekki annað að gera en að halda af stað áleiðis að Keldum. „Ókum af stað kl. um 11½. Bílstjóri: Matthías Þórðarson. Þátttakendur: Nør-lund, Stenberger, Milthers, Putsi og ég. Keyrðum í aust-suð-austur. Við Rauðhóla skoðuðum

við þyrpingu af minni háttar eldstöðvum, keilur úr eldfjallamöl (gjalli) með útkulnuðum gígum“. Þaðan lá leiðin áfram um Vífilsstaði, Svínahraun og Hellisheiði: „eyðileg hraun, næstum algjörlega mannlaus. Stórar vörður með stuttu millibili hafa mikla þýðingu fyrir vegfarendur á veturna. Við rætur útkulnaðs eldfjalls hefur dansk-rússneskur maður



Mynd 4. Sendiherrabústaðurinn, þar sem Frank le Sage de Fontenay bjó 1932. Ljósmynd: S. Stummann Hansen.

(Høyer) sest að. Hann kom hingað fyrir fáeinum árum með rússneskri konu, sem hefur flúið frá Eystrasaltslöndunum⁵. Hann hefur komið sér upp garðyrkju með gróðurhúsi og selur blóm og ávexti til Reykjavíkur. Hann nýtir sér heitar laugarnar og jarðhitann. Á rist bakar hún brauð. Á þessum stað hefur reyndar verið bakað brauð frá fyrri tíð.” Hatt lýsti síðan sjálfu bökunarferlinu⁶.

Hatt hélt áfram lýsingu sinni: „Við Kamba liggur leiðin nokkuð í krákustígum niður í Ölfusið. Fyrir neðan Kamba liggja Reykir

þar sem er fjöldi af hverum. Einn þeirra hefur áður verið hinn mikli Geysir. (...) Heita vatnið og jarðhitinn er nú nýtt í þágu landbúnaðarins. Sigurðsson búnaðarmálastjóri hefur hér sumarbústað sinn og ávaxtarækt. Þar voru gróðurhús í rekstri og gróðurhús í byggingu. Dóttir Sigurðar selur blóm til Reykjavíkur“⁷. Eftir hádegisverð við Ölfusá: „hældum



Mynd 5. Matthías Þórðarson. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.



Mynd 6. Safnahúsið þar sem Þjóðminjasafn Íslands var til húsa 1932. Ljósmynd: S. Stummann Hansen.



Mynd 7. Teikning Emilie Demant Hatts af Keldum. Skive Kunstmuseum.

(við) áfram í austurátt. Allir bæirnir úr steinsteypu og bárujárnri. Á síðustu 20 árum hefur gengið (...) bylgja yfir Suðurland, sem á rætur að rekja til almennrar velmegunar“. Hatt hélt áfram: „Ætlunin var að fara upp í Þjórsárdal, þar sem eru þónokkur eyðibýli frá síðari hluta miðalda. Það kom í ljós að vegurinn var ófær. Við snérum við við Húsatóftir“. Þaðan fór hópurinn yfir Þjórsárbrú og Helluvað (Hólsá), Helluvaðssand og áfram yfir Geitasand þar til hann „komst að hinum forna bæ Keldum undir myrkur“. Þar tók eigandinn Skúli Guðmundsson (1862–1946) á móti þeim og kona hans frú Svanborg Lýðsdóttir (1863–1954). Eftir kvöldmatinn var gestunum komið fyrir til gistingar á Keldum: Nørlund, Stenberger, Milthers sváfu í baðstofunni. – Putsi og ég í gestaherberginu, litlu kamersi við hliðina á baðstofunni“ (mynd 7).

Fimmtudaginn 29. september fóru þeir eftir morgunverðinn út til eyðibýla norðan og sunnan við Keldur, í Keldnahraun og Skógshraun. Hér gat Hatt nýtt sér reynslu sína frá Grænlandi: „Það er miklu erfiðara að finna íslensk eyðibýli en grænlensk. Hraungrýtið í rústunum líkist mjög því hraungrýti sem liggur í náttúrlegum hólum“. Sama dag komu þeir á stað þar sem „samkvæmt þjóðtrúnni var kirkja og kirkjugarður,

sem hefur fokið burt; Þar fann Putsi leifarnar af gröf þar sem voru leifar af beinagrind sem hafði komið í ljós við uppblástur“. Hatt gaf ekki upp neitt nafn á þessum stað, en hér hefur auðvitað verið um að ræða *Tröllaskóg*, þar sem hefur verið hægt samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá byrjun 18. aldar að sjá girðingar og blásin mannabein sem benti til fyrrum bæjar og kirkju.⁸ Hatt skrifaði enn fremur: „Á leiðinni aftur að Keldum fórum við framhjá stórum steini sem sagan segir að Gunnar á Hliðarenda hafi staðið við og verið sig móti flokki árásarmanna þangað til hann hafði drepíð svo marga að þeir sem eftir voru gáfust upp“.

Í athugasemdum sínum við 29. september nefndi Hatt bæinn Keldur: „Keldur er mjög gamall bær. Er nefndur í sögunni [þ.e. Njálu, aths. höf.]. Einn af eigendum Keldna neitaði að taka þátt í aðförinni að Njáli á Bergþórshvoli. Þegar brennumenn komu aftur hitti Keldnabóndi þá við á eina og spjóti var kastað yfir ána og einn þeirra var drepinn. Bærinn er í núverandi mynd sinni einhver fornlegasti bær á Suðurlandi. Hluti af íbúðarhúsinu, Skálinn, er frá lokum miðalda, en aðrir hlutar eru yngri. Viðirnir eru að hluta til mjög gamlir og hafa verið notaðir í eldri byggingum“.

Hatt talaði líka um eiganda Keldna, Skúla Guðmundsson, sem hann



Mynd 8. Skúli Guðmundsson fyrir framan Keldur. Ljósmynd: Guðmund Hatt.

tók mynd af fyrir framan bæinn (mynd 8): „Skúli Guðmundsson er mjög vel lesinn og áhugasamur um sögu. Í bókasafni hans er m.a. að finna útgáfu af íslenskum miðaldakveðskap og fornbréfum. Bróðir hans er sömuleiðis áhugamaður um sögu, og þeir skrifa ritgerðir um staðfræðileg efni. Ein af dætrunum teiknar og aðrar skrifa“. Þessi bróðir Skúla, sem Hatt talar um, er auðvitað Vigfús Guðmundsson (1868–1952), sem árið áður hafði gefið út *Sögu Oddastada*r (Vigfús Guðmundsson 1931). Vigfús, sem aðstoðaði Hatt síðar í heimsókninni til Íslands, gaf út fleiri söguleg verk, m.a. eitt um Keldur (Vigfús Guðmundsson 1945, 1949a, 1949b, 1969).

Hatt skrifaði áfram: „Kirkjan á Keldum er í sinni mynd frá 1874, græn og leiðinleg – og gömul grenitré eru í kirkjugarðinum. Þegar við komum um kvöldið spurði húsfreyja hvort við gætum legið í flatsæng í kirkjunni. Fjosið er með báshellum og af sömu gerð og tíðkaðist á söguöld, samkvæmt Valtý Guðmundssyni. Kýrnar voru úti á daginn og inni á næturnar“.

Hatt var svo heppinn að hann hafði tækifæri til að skoða þetta fyrirbæri af eigin raun á meðan á heimsókninni að Keldum stóð þar sem fornleifarannsókn var í gangi þar: „Á Keldum hafa menn nýlega fundið jarðgöng. (...) Það eru álitin hafa verið leynigöng sem hægt var að komast um burt úr bænum ef hætta stöðjaði að“ (mynd 9).

Hópurinn yfirgaf Keldur síðdegis og kom ekki aftur til Reykjavíkur



Mynd 9. Ljósmynd Hatts af Keldum með uppgreftinum á jarðgöngunum.

fyrir en eftir að myrkur var skollíð á. Á leiðinni til Reykjavíkur komu þeir að bænum Ægissíðu, nærri Hellu, sem fáum árum áður hafði verið í eigu Jóns Guðmundssonar (1856–1929), annars bróður Skúla, en sem nú var í ábúð tveggja sona Jóns. Hatt sá hér manngerða hella sem voru högginn inn í klettinn og hann gerði þessa athugasemd: „Slíkir hellar eru nefndir í sögunum“. (Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir 1991, bls. 33–35.)

Hatt-hjónin höfðu ráðgert lengri dvöl á Íslandi og gert áætlun um ferð norður í land næstu dagana. Við heimkomuna þetta fimmtudagskvöld urðu þau þessvegna að kveðja ferðafélaga sína síðustu fjóra mánuði, þar sem Nørlund, Stenberger og Milthers ætluðu þegar á laugardeginum að fara með gufuskippinu heim til Kaupmannahafnar.

Fyrir brottförina hafði Morgunblaðið þó tryggt sér viðtal. Í uppláttargrein – *Rannsóknir dr. Nørlunds í Grænlandi* – sagði: „Með Hvidbjørnen, sem kom hingað í vikunni komu þrír vísindamenn, er verið hafa í Grænlandi í sumar, þeir dr. Poul Nørlund, sem víðfrægur er fyrir hinar stórmerku fornleifarannsóknir í Íslendingabygðum þar vestra, dr. Márten Steenberger safnvörður við Þjóðminjasafnið í Stokkhólmi, og dr. Guðmund Hatt landfræðingur. Í gær hafði Mbl. tal af þeim dr. Nørlund og dr. Steenberger“⁹. Greinin fjallaði einungis um uppröft Nørlunds og Stenbergers af ætluðum bæ Eiríks rauða í Brattahlíð, sem auðvitað hefur vakið mikinn áhuga á Íslandi. Í viðtalinu var rannsóknarverkefni Hatts enginn gaumur gefinn. (Sjá viðauka hér á eftir).

Hatt-hjónin á ferð um Norðurland

Þegar kl. 7.30 að morgni föstudagsins 30. september fóru Hatt-hjónin af stað með áætlunarbíl norður á bóginn: „Við Kollafjörð sáum við á leiðinni stærsta bóndabýli á Íslandi, sem er í eigu Dana, Thors Jensen“¹⁰. Fyrri hluti dags fór að mestu í ferðina meðfram Hvalfirði, en síðan var farið fram hjá Vatnaskógi, „þar sem verulega veiklulegt birkikjarr bar vitni um fyrri gnæð“. Þau héldu áfram meðfram Skorradalvatni að bænum Grund, þar sem þau snæddu hádegismat. Síðan segir Hatt: „Eftir að hafa farið um mjög grösugan dal sem gengur niður í áttina að Borgarfirði, komum við að Holtavörðuheiði, þar sem vegurinn varð aftur fjarska vondur. Það tók okkur marga tíma að komast yfir þessa auðn. Til vesturs ræður Tröllakirkja útsýninu, stórt fjall (...) með snjó í“. Þaðan héldu þau áfram norður á bóginn með stefnu á Blönduós og óku niður af Holtavörðuheiði. Það sem eftir lifði dags ferðudust þau í myrkri: „Norðurljósin leiftruðu, fjallskuggamyndir, mjóir vegir og

mjóar brýr yfir fossandi ár“. Þau náðu til Blönduóss um 11-leytið og komu sér fyrir á litlu hóteli.

Laugardaginn 1. október fóru hjónin af stað frá Blönduósi um 9-leytið: „Ókum fyrst góðan spöl upp gegnum Blönduós-dalinn, síðan yfir fjallshrygg og inn í hina miklu dali Skagafjarðar, þar sem við komum að Víðimýri. Þar er ein af þeim fáu torfkirkjum, sem enn eru eftir (...). Bæirnir í Skagafjarðardölum eru víst af gamalli gerð, úr torfi. Dalurinn gefur manni þá hugmynd að hér sé varðveitt nærri því óbreytt mynd af gamalli íslenskri byggð. Hinn mikli, breiði grösugi dalur er þétt byggður“¹¹.

Frá Víðimýri lá leiðin áfram norður eftir Skagafirði, en síðan suður á bóginn inn eftir Skagafirði en í þetta skiptið um Flugumýri, Miklabæ og Silfrastaði. Þaðan áfram í austur og síðan niður í Öxnadal. Að lokum komu þau niður til Eyjafjarðar og snéru í suðurátt góðan spöl til Akureyrar. Þar áttu þau pantað herbergi á Hótel Gullfossi.

Sunnudaginn 2. október fóru hjónin í gönguferð um bæinn, en síðan las Guðmund í bók Daniel Bruuns *Fortidsminder og Nutidshjem på Island* (Bruun 1928). Þessi bók hefur greinilega verið mikilvæg leiðsögubók fyrir Hatt á meðan á Íslandsdvölinni stóð, þar sem áhugi hans beindist svo mjög að húsagerð. Síðan sömdu þau við hótelstýruna, Rannveigu Bjarnardóttur (1878–1956), um ferð til Mývatns mánudag eða þriðjudag.

Mánudaginn 3. október skrifaði Hatt: „Fór af stað kl. 9¼. Yndislegt sólskin og logn. Tók myndir af Akureyri séð að austan úr fjarðarbotni. Tók mynd af stóru nausti í Vaglaskógi við Fnjóská. Ca. 6 m langt“. Við Sigríðarstaði nærri Ljósavatni sáu þau umbyggðan bæ, þar sem var fjósbaðstofa. Hatt skrifaði í glósubók sína: „Þessi gerð af húsum virðist vera að verða almenn. Fjósið niðri, íbúð uppi yfir“. Hatt aflaði sér frekari upplýsinga um bæina í ferðinni, um sambandið milli þéttbýlis og landsbyggðar, um iðnaðinn á Akureyri, um síldarverksmiðjur o.fl. Við það naut hann góðrar aðstoðar þar sem frk. Bjarnardóttir var sjálf úr sveitinni. Þau fóru síðan framhjá Ljósavatni og komu að Goðafossi, og skoðuðu fossinn. Þaðan fóru þau áfram um Einarstaði til Skútustaða við Mývatn. Þar komu þau inn til prestsins, Hermanns Hjartarsonar (1887–1950), og „borðuðu margs konar íslenskan mat um kvöldið“¹².

Þriðjudaginn 4. október tók Hatt myndir um morguninn, m.a. af Skútustöðum. Hann kynnti sér síðan ýmislegt í kringum prestssetrið og presturinn sýndi þeim eitt og annað og veitti Hatt ýmsar upplýsingar.

Með prestinum skoðuðu þau Gömlu-Skútustaði. Þar sáu þau kirkjuna og kirkjugarðinn sem Hatt lýsti ítarlega.

Næsta dag fóru þau ferð um Eyjafjörð, þar sem Hatt tók myndir af Saurbæjarkirkju og prestsetrinu. Seinna tók hann myndir af bæ og túni á Arnarstöðum og Gullbrekku vestan megin í Eyjafirði. Hjónin heimsóttu líka gamla klaustrið á Munkaþverá, sem var stofnað 1155. Þau héldu áfram ferðinni um dalinn til Hóla, þar sem Hatt lýsti einnig byggingum í glósúbókina áður en þau snéru til Akureyrar í þéttri rigningu.

Fimmtudaginn 6. október fóru hjónin frá Akureyri um morguninn áleiðis til Reykjavíkur með áætlunarbílnum. Jafnvel úr bíglugganum reyndi Hatt oft að taka myndir af bæjum sem þau fóru hjá. Þau fóru um Blönduós að bæ fyrir norðan Grænumýri, þar sem þau gistu.

Daginn eftir óku þau áfram um Borgarfjörð að Grund, þar sem þau borðuðu. Þaðan áfram fyrir Hvalfjörð til Reykjavíkur, þar sem þau náðu heim á Hótel Ísland. Þar tóku hjónin það rólega næsta dag.

Til Þingvalla með Matthíasi Þórðarsyni

Sunnudaginn 9. október fóru Hatt-hjónin í „Skemmtiferð með Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði og frú og dóttur til Þingvalla. Þórðarson, sem er sérfræðingur í fornleifafraeði staðarins sýndi okkur sögustaðina (...). Við drukku kaffi á dálítið gömlum veitingastað og ekki í hinni stóru „Valhöll“ – og hittum síðan tvo danska málara – annar heitir Kjarval“.

Hin stóra Valhöll, sem Hatt talar um, hafði verið flutt á þá- og núverandi stað 1928 og stækkuð. Um sama leyti var timburhús, sem kallað var Konungshúsið á svæði sunnan við Valhöll. Veitingastaðurinn á Þingvöllum, sem Hatt-hjónin heimsóttu, var líkast til annaðhvort sjálft Konungshúsið eða viðbygging við það.¹³ „Danski“ málari sem Hatt-hjónin hittu á Þingvöllum, var hinn frægi íslenski málari Jóhannes Kjarval (1885–1972). Kjarval dvaldist frá því um 1930 langdvöllum á Þingvallasvæðinu, þaðan sem hann sótti innblástur úr hraununum og þar sem hann málaði mörg af stórbrotnum verkum sínum (Júlíana Gottskálksdóttir 1995, bls. 284).

Eftir Þingvallaferðina borðuðu hjónin kvöldverð með Matthíasi þjóðminjaverði, konu hans og dóttur á hótelinu í Reykjavík, áður en þau luku deginum í „Gamla Bíó“, þar sem þau sáu „Gøg og Gokke í Spjældet“.

Um kvöldið voru þau í leikhúsinu, þar sem þau hittu „Finsen arkitekt, sem langar að koma að Keldum og reyna að mæla upp bæinn

meðan við erum þar. – Hann hefur nýlega mælt upp tvö gömul hús í Reykjavík, sem stafa frá Eigtved. Eigtved gerði teikningarnar, og danskir verkamenn voru sendir hingað til þess að byggja húsin. Það kváðu vera mjög fallegar barokkbyggingar“.

Arne Finsen arkitekt (1890–1945), sem Hatt var kynntur fyrir þennan dag mældi á þessum árum allmörg hús í Reykjavík (mynd 10). Byggingarnar tvær sem Hatt vísaði til, eru vísast *Nesstofa* og *Stjórnarráðið*, núverandi aðsetur ríkisstjórnarinnar og fyrrum fangelsi¹⁴.



Mynd 10. Arne Finsen arkitekt. Myndin er tekin 1930. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

Aftur að Keldum og um Suðurland

Árdegis mánudaginn 10. október yfirgáfu Hatt-hjónin Reykjavík: „Fórum í dag kl. 10 með rútu úr Reykjavík að Hofi. Rigning og þoka og rok (...)“ Þar hittu þau „stóra og fallega stúlku í samfestingi sem var að sjóða bjúgu í eldhúsinu (...), og hún gaf okkur bjúgu og sýndi okkur útihúsin og útskýrði hvernig þau væru innréttuð og notuð. Hún heitir Helga Guðmundsdóttir og er dóttir bónda, Guðmundar Thorsteinsson, sem er vingjarnlegur maður, 69 ára, sem ætlar að fylgja okkur að Keldum“. Hér er um að ræða bæinn *Stórahof*, som Guðmundur Þorbjarnarson (1863–1949), ekki Thorsteinsson eins og Hatt segir, hafði búið á síðan 1909. Dóttir hans Helga (1909–1978) var yngst af sjö börnum hans og Ragnhildar Jónsdóttur.

Eftir heimsóknina að Hofi héldu þau aftur að Keldum, þar sem aftur var tekið vel á móti þeim og gefið að borða hjá Skúla, sem um kvöldið sýndi Hatt kort yfir bæjarhúsin, sem bróðir hans Vigfús Guðmundsson hafði mælt upp 1895.


Þriðjudaginn 11. október var veðrið slæmt að morgninum, en um hádegisbilið birti til og þau lögðu upp áleiðis að Hofi síðdegis og komu þangað í ágætu veðri. Finsen arkitekt var með í för. Þau fengu kaffi í baðstofunni, 90 ára gamalli.

Miðvikudaginn 12. október var „Yndislegt sólskin frá morgni (...)“.

Notaði formiddaginn til þess að taka myndir af Keldum frá ýmsum hliðum. Fór síðdegis með Skúla, arkitektinum og Putsi, að Eystri-Rangá“. Seint um eftirmiddaginn fóru þeir út að Tungufossi: „Nærri Tungufossi er sá staður sem Skúli álitur, að fundur þeirra Ingjalds og brennumanna hafi orðið“. Það sem Hatt vísaði til hér er auðvitað Ingjaldur Höskuldsson sem bjó á Keldum (Ingjaldur á Keldum), sem er persóna í Njáls sögu.

Fimmtudaginn 13. október fóru Hatt-hjónin aftur frá Keldum að Hofi, þar sem frúin, sparibúin, trakteraði þau á kaffi. Hatt-hjónin og Finsen arkitekt riðu með Skúla Guðmundssyni sem leiðsögumanni. Þau riðu í átt að Bergþórshvoli“. Ca. 3 kílómetrum fyrir norðan bæinn ætluðu þau að skoða eitthvað af því sem einkum hafði vakið áhuga Hatts í sambandi við vinnu hans við akurkerfi járnaldar í Danmörku, nefnilega lága torfgarða sem gömul landamerki. Hér var þekkt dæmi – línakur – sem Hatt gerði uppdrátt af og lýsti nákvæmlega (mynd 11).

Bærinn Bergþórshvoll er frægur úr Njáls sögu. Njáll og kona hans Bergþóra bjuggu þar og voru drepin 1011, þegar bærinn var brenndur að



Mynd 11. Skissa í minnisbók Hatts af ökrum við Bergþórshvol. Einkaskjalasafn Guðmund Hatts. Ríkisskjalasafnið, Kaupmannahöfn.

þeim inniverandi. Bærinn var að hluta til grafinn upp 1927–1928 og 1931 af Matthíasi Þórðarsyni (Guðmundur Ólafsson 1994) og síðar, á árunum 1950–1952 af Kristjáni Eldjárn (1917–1982) og Gísla Gestssyni (1909–1984) (Kristján Eldjárn & Gísli Gestsson 1952).

Föstudaginn 14. október heimsóttu þau bæ sýslumannsins Björgvins Vigfússonar (1886–1942) Efra-Hvol í nágrenni Hvolsvallar. Til norðurs lágu gamli akrar, sem liggja eins og stallar upp eftir hlíð sem snýr móti suðri “: Fóru síðan aftur á Hótel Ísland í Reykjavík. „Um kvöldið vorum við hjá Matthíasi Þórðarsyni“.

Laugardaginn 15. október var komið að kveðjustund. Hatt skrifaði í glósubók sína: „Keypti farmiða til Tórshavn með „Dronning Alexandrine“. Borðaði frúkost á hótelinu með Matthíasi Þórðarsyni og frú og dóttur (frú Holbeck) og Finsen arkitekt frá kl. 12 til yfir 2. Mjög ánægjuleg og lífleg samverustund. Keypti blóm(?) handa Putsi með aðstoð frú Þórðarson. Fórum tímanlega um borð í „Dronningen“. Frúkostgestir okkar komu til skips að kveðja okkur. Skipið sigldi kl. 8“.

Heimferðin

Eftir brottförina frá Íslandi héldu Hatt-hjónin áfram sinni „löngu ferð“ í Norður-Atlantshafi. 17. október lögðu þau inn í Þórshöfn. Þau dvöldu í viku í Færeyjum, þar sem Hatt hélt áfram með Norður-Atlantshafs-rannsóknir sínar og skráningar á ræktunaraðferðum og byggingarhefð.

Forstöðumaður hins nýstofnaða safns í Þórshöfn, bókavörðurinn Mads Andreas Jacobsen (1891–1944) vissi greinilega, hversu öflugur maður var hér á ferð, og skipulagði uppgröft á svonefndri „Fransartoft“ nærri Þórshöfn. Þessi litli uppgröftur getur talist fyrsti fræðilegi fornleifauppgröfturinn sem safnið í Færeyjum stóð fyrir (Stummann Hansen 2002b).

23. október yfirgáfu hjónin Færeyjar, og eftir stutta dvöl í Bergen, þar sem þau hittu fremstu fornleifafræðinga norska, Haakon Shetelig (1877–1955) og Johannes Bøe (1891–1971), komu þau um síðir til Kaupmannahafnar. Þá höfðu hjónin loksins lokið langferð sinni í Norður-Atlantshafinu – þau höfðu verið í burtu í heila fimm mánuði.

Eftir heimkomuna

Hatt skrifaði skömmu eftir heimkomuna til Matthíasar Þórðarsonar¹⁵. Það kemur fram í svari Matthíasar, að Hatt spurði í þessu bréfi um örnefnið *Matará*, sem Hatt hafði skráð í Færeyjum. Matthías Þórðarson svaraði Hatt 14. desember 1932: „Kærar þakkir fyrir vinsamlegt bréf

yðar frá 25. fyrra mánaðar, en einkum þakka ég yður fyrir síðast, fyrir óvænta heimsókn yðar hingað í haust. Það gleður mig að heyra að þér hafið haft ánægju af því að sjá Ísland og ferðast hér um. Ég sé að þér hafið átt áhugaverða og skemmtilega heimferð, um Færeyjar og Noreg. – Ég þakka yður líka fyrir hús-grein yðar. Ég hlakka til að kynna mér hana, hef því miður ekki haft tíma til þess enn. Að því er ég best veit eru engar „matarár“ hér, eins og í Færeyjum, við höfum víst ekkert hliðstætt orð hér, og ég þekki heldur ekki neitt dæmi þess að menn hér láti læk eða kvísl af honum renna í gegnum neitt af bæjarhúsunum, nema einhverjar nýlegar vatnsleiðslur. Menn hafa einnig leitt vatn inn í fjósið sumstaðar í seinni tíð. En úr fornöld þekki ég dæmi um að Bæjarlækur hafi verið leiddur í gegnum bæjarhúsin eða að þau hafi verið byggð yfir hann. Það er á bænnum Mýrum í Dýrafirði í byrjun 13. aldar. Þér getið lesið um það í Sturlunga sögu (útg. 1906–11), I, bls. 299 (= Biskupa sögur I, bls. 658). Sturlunga saga er líka til í danskri þýðingu. Álíka fyrirkomulag, en aðeins til bráðabirgða, er nefnt í Bárðar sögu, kap. 30¹⁶. Þetta urðu lokasamskipti þeirra tveggja í bili að því er virðist.

Aftur á móti virðast Hatt-hjónin hafa komist í gott samband við Finsen arkitekt á meðan á dvölinni stóð. 22. nóvember 1932 skrifaði Finsen til Hatts frá Reykjavík: „Kæri Hr. prófessor og frú. Ég hef lengi beðið eftir góðu tækifæri til að senda yður báðum hjartanlegt þakklæti fyrir þá indælu daga, sem ég dvaldi með yður á Keldum og í allri ferðinni yfirleitt; sömuleiðis fyrir þá miklu vináttu sem þér sýnduð mér og konu minni hér í bænnum.

Eiginlega hafði ég hugsað mér að skrifa ekki fyrr en um jól, en þegar ég í dag sit með einn af síðustu vindlum prófessorsfrúarinnar vakti það upp svo miklar minningar; sem betur fer ekki annað! að ég greip til pennans.

Ef til vill hefur verið í vindlinum eitthvert efni sem gerir það að verkum, að mér finnst ég hafi þekkt yður lengi, a.m.k. finnst mér það, og ég vona þessvegna að þér takið ekki tilskrif mitt illa upp. – Ég hef nú bæði lokið teikningum mínum af barokkhúsunum og komið þeim til sameiginlegs vinar okkar Matthíasar Þ. sem varð glaður við og hamingjusamur, en ég þó mest!

Þegar ég fæ prentmyndirnar aftur frá Kaupmannahöfn, þar sem þær eru nú og hef farið í gegnum þær, sendi ég þær, eins og um var talað til Nationalmuseet og bið svo prófessorinn þegar þar að kemur að leggja inn orð fyrir mig þar, helst ef um einhverja vinnu væri að ræða sem ég

gæti tekið að mér. Það er nú spurning um að útvega mér eitthvert lítilræði til þess að mæla Keldur í sumar. (...)

Eftir að þér fóruð var hér hið versta veður og ég vona að þér hafið haft það betra þá daga sem þér voruð í Færeyjum heldur en við hér á sama tíma. Ég sendi konu yðar vinsamlega þanka og hefði gjarna slegist í förina. Við vorum nú óvenjulega heppin með ferðalagið hér hvað veðrið snerti.

Ég skrifaði fyrir nokkru til Skúla á sjötugsafmæli hans – og bar kveðju yðar beggja. Sýslumaðurinn sendi einnig kort, svo að ég vona að sporin hræði ekki. Þegar upp er staðið hugsaði ég auðvitað um næstu heimsókn mína og býst við að ég fái þá líka góðar móttökur.

Ég sendi nú hinar vinsamlegustu kveðjur frá konu minni og mér með þakklæti fyrir allt gott sem þessi fjölskylda varð aðnjótandi á Íslandi. *Yðar einlægur Arne Finsen*¹⁷.

Finsen skrifaði til Hatts aftur 21. janúar 1933: „Kæri prófessor G. Hatt! Með þessum pósti hef ég sent Nationalmuseet – áritað til Mackeprang forstöðumanns – 3 uppmæld hús, sem ég talaði um við yður í sumar. Þau eru þessi: 1) Viðeyjarstofa, 2) Nesstofa og 3) Stjórnarráðið (Ráðuneytisbyggingin) með 3 tilsvaramandi lýsingum.

Ég vona að „börnin mín“ komist á „góða hillu“ og að það sé e.t.v. einhver sem gleðst yfir því að þessi þrjú hús skuli nú vera varðveitt til komandi tímanna, þó svo að eitthvað eigi eftir að henda þau, eitthvað sem mörg hús verða fyrir, eldur eða niðurrif, hér eru engin friðunar-lög.

Því miður er, einkum Viðeyjarstofa, margt eyðilagt fyrir barnskap, en þrátt fyrir allt er þó margt gott samt enn varðveitt. Litla Nesstofa er dæmigert barokkhús á borgaralega landsbyggðarvísu (Provins-borgerligt Barokhus), en að innréttingu enn fátæklegra en samsvarandi hús heima í Danmörku.

Stjórnarráðið er í dag fallett og virðulegt Parísarhús (endurbyggt 1819).

Ef þér getið lagt inn gott orð fyrir mig án mikillar fyrirhafnar viljið þér e.t.v. gera það.

„Keldur“ skal ég senda yður, þegar þær eru búnar. Eins hef ég von um að fá tækifæri til að mæla Hólakirkju (fyrrum Hóladómkirkju) (...).

Ég vona að frúin hafi það gott og að þér séuð líka á fullum krafti ef svo má segja án þess að vera á hestbaki. Takk fyrir kortið með teikningum frá Keldum.

*Yðar einlægur Arne Finsen*¹⁸.

Finsen hafði með bréfi 19. janúar afhent Danmarks Nationalmuseum afrit af teikningum sínum af byggingunum þremur sem áður voru nefndar: „Hr. Direktør, Dr. Phil. C. M. C. Mackeprang, R. D. Ég undirritaður leyfi mér hér með að senda sem gjöf til Teikningasafns Þjóðminjasafnsins, meðfylgjandi mælingar frá Íslandi sem ég hef gert, nefnilega: 1) VIÐEYJARSTOFA; 2) NESSTOFA; 3) STJÓRNAR-RÁÐIÐ. Alls 9 teikningar. Öll uppmældu húsin þrjú eru byggð, eins og meðfylgjandi stuttar lýsingar sýna, á síðari helmingi 18. aldar af Statens Bygningstilsyn og arkitektunum Nicolai Eigtved, Jacob Fortling og Georg David Anthon. Byggingarnar hafa aldrei verið mældar áður. Frumteikningarnar eru eign Þjóðminjasafnsins í Reykjavík, sem hefur kostað verkið. Eins fljótt og kostur er mun ég bæta við gjöfina ef Nationalmuseet hefur áhuga á, með öðrum uppmælingum sem þegar eru hafnar.

*Virðingarfyllst, Arne Finsen*¹⁹.

Hatt-hjónin höfðu greinilega að sínu leyti svarað fyrsta bréfi Finsens og höfðu auk þess lagt með nokkrar af teikningum Emilie frá Keldum (mynd 12). Með bréfi Finsens frá því í janúar 1933 virðist sambandið milli þessara tveggja fjölskyldna þó hafa endað og ekkert er vitað um hvort Hatt tókst að útvega Finsen einhver verkefni.

Hatt-hjónin fóru ekki aftur til Íslands, þó að formaður Dansk-Íslandsk Forening, Arne Møller (1876–1947) (Lindholm 2006) reyndi að skipuleggja fyrirlestraferð fyrir Hatt til Íslands sumarið 1939. Í bréfi 29. ágúst 1939 skrifaði hann til Hatts: „Í ferð minni til Íslands í sumar, sem heppnaðist mjög vel, talaði ég líka um möguleikann á fyrirlestrum þínum, m.a. við Matthías Þórðarson. Hann tók því mjög vel – líka, eftir því sem ég man, í tilefni af nýju uppgröftunum þar. Mér skildist að þið væruð góðir kunningjar. Ef svo ber undir bið ég yður að skrifa honum nánar um fyrirlestra yðar, til þess að þaðan gæti komið erindi um það til Lektoratudvalget hér, þar sem ég að sjálfsögðu mun styðja hugmyndina“²⁰. Uppgreftir þeir sem vísað er til í bréfinu er auðvitað hið mikla samnorrena verkefni sem hafið var í júlí og ágúst það ár (Stummann Hansen 2002a; 2005). Þrem dögum eftir að Møller skrifaði bréf sitt, var Evrópa komin í stríð, og Hatt kom aldrei eftir það til Íslands.

Mikilvægi heimsóknarinnar 1932

Heimsóknin til Íslands, eins og heimsóknin til Grænlands og Færeyja sama sumar, lagði grundvöllinn að áframhaldandi vinnu Hatts einkum



Mynd 12. Teikning Emilie Demant Hatts af íslenskum hestum. Skive Kunstmuseum.

að sögu akuryrkju. Hann hafði á árunum 1920–1930 sýnt fram á, að lága garða sem varðveist höfðu á jósku heiðunum bæri að líta á sem merkjagarða í fornu akurkerfi, sem hann tímasetti til eldri járnaldar (aldanna kringum Krists burð) (Hatt 1931). Fyrir stöðugar og vel útiláttnar fjárveitingar frá Carlsberg sjóðnum hafði hann kerfisbundið mælt upp og í vissum tilvikum grafið í þessi landamerki, og 1949 gat hann – með nokkurra ára seinkun vegna heimsstyrjaldarinnar – sent út tímamótaverkið *Oldtidsagre* (Hatt 1949; Stummann Hansen 1983). Athuganir á Íslandi komust einnig inn í þetta verk: „Á Íslandi eru varðveitt ýmis merki um fyrri akuryrkju; dálítill fjöldi slíkra eyðiakra eru hinir svonefndu „Línakrar“, sem liggja dálitinn spöl norður af hinum gamla bæ Njáls, Bergþórshvoli; Ég hef sjálfur séð þá á ferð minni 1932 og hef sannfærst um að þessir „Línakrar“ líkjast mjög jósku fornökrunum af hinni breiðu gerðinni. Þessi breiða, flata akurgerð með garða fyrir landamerki hefur væntanlega flust til Íslands annaðhvort frá Noregi eða með keltneskum þrælum frá Bretlandseyjum“ (Hatt 1949, 133).

Í mikilvægri yfirlitsgrein, *Early Intrusion of Agriculture in the North Atlantic Subarctic Region*, sem Hatt gaf út 1953, er athuganir hans frá Íslandi einnig að finna. Í greininni ver Hatt sjö síðum í sögulega yfirferð og umræðu um akuryrkju á Íslandi (Hatt 1953, 73–79). Þar vitnar Hatt m.a. til pollen-athugana, sem Sigurður Þórarinnsson gerði í gjóskulögum í Þjórsárdal 1939 (Sigurður Thorarinnsson 1944), og ber þróunina í sambandinu milli byggs og hveitis hér saman við athuganir sem hann hafði sjálfur gert í tengslum við jósku járnaldarakrana (Hatt 1953, 73). Í greininni undirstrikar Hatt aftur það sambærilega milli íslensku akranna og járnaldarakrana í Danmörku: „These linakrar are ancient fields of the „Celtic field type““ (Hatt 1953, 73). Án ferðarinnar um Norður-Atlantshaf 1932 hefði Hatt ekki haft möguleika á að skrifa þessa framsýnu yfirlitsgrein.

Önnur uppgötvun sem örugglega hefur hvatt hann við rannsóknir hans á jósku heiðunum var að greina gamlar hústóftir í landslaginu. Slíkar rústir höfðu á tíma heimsóknar Hatts ekki enn fundist í Danmörku, en 17. október 1936 heppnaðist Hatt það við Østerbølle í Himmerland: „Við rannsóknir mínar á leifum af akuryrkju fornaldar á jósku heiðunum hef ég stöðugt verið að skima eftir húsaleifum af þessari tegund; og þegar ég sá garðstæði eftir slík samansigin hús á Grænlandi, Íslandi og í Noregi, gramdist mér dálítið að hafa aldrei fundið leifar af jóskum járnaldarhúsum sem plógurinn hefði ekki jafnað út. Þeim mun meiri varð undrun mín og gleði þegar ég 17. okt. í ár kom út í lítinn heiðarskika í austurhluta Østerbølle, rétt fyrir vestan Vesterris Plantage, þar sem – eftir því sem mér hafði verið sagt – áttu að vera einhverjir undarlegir garðar. Ég hafði hugsað mér að um væri að ræða leifar af umgirtum fornaldarökrum, sem eru svo fjarska víða í Himmerland. En ég sá strax að hér voru annars konar leifar; og það verkaði eins og stórgjöf að standa allt í einu andspænis því sem ég hafði svo lengi og árangurslaust leitað: jósk járnaldarhús sem plógurinn hafði ekki farið um. Cand. theol. Vestergaard Nielsen, sem frá fyrstu byrjun hefur veitt mér hvetjandi aðstoð í fornleifavinnu minni í Himmerland, og stud. mag. Axel Steensberg, sem hefur hjálpað mér með uppmælingar á fjölmörgum fornaldarökrum, var með mér í þessari árangursríku ferð; og ég held að við höfum allir þrír fundið hátíðleika stundarinnar“ (Hatt 1936, 111).

Annað lítið atriði í sambandi við heimsókn Hatts, Nørlunds og Stenbergers til Íslands 1932 er upplýsing Hatts um, að þau reyndu að komast til að sjá rústirnar í Þjórsárdal, en urðu að gefa það upp á bátinn

vegna vegar sem var á kafi í vatni. Þegar samnorræna fornleifaverkefnið á Íslandi fór af stað sjö árum síðar einmitt í Þjórsárdal, byggðist það eingöngu á meðmælum Matthíasar Þórðarsonar. Vonbrigðin með varðveislustand rústanna í Þjórsárdal, sem sumir þátttakendurnir í uppgreftinum 1939, þar á meðal Stenberger, áttu eftir að láta í ljós, hefði mögulega verið hægt að forðast, ef Hatt, Stenberger og Nørlund hefðu komast inn í dalinn þennan dag (Stummann Hansen 2005, 123).

Dakkir frá dönsku ríkisstjórninni

Hatt var alla sína starfsævi vísindamaður sem ferðaðist mikið, og með það í huga er ekki að undra að hann langaði líka til að starfa í Norður-Atlantshafi. En af hverju einmitt Grænland 1932?

Nærtækt er að álíta að heimsókn hans beri að skoða í sambandi við hina harðnandi deilu milli Danmerkur og Noregs um yfirráðin yfir Grænlandi. Hatt var á þeim tíma mikill fræðimaður á alþjóðavísu í menningarlandafræði, og það liggur nærri að halda að meðal stjórnmálamanna í Danmörku hafi menn viljað nota nafn hans og sérfræði í sönnunarfærslu fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Ef hann átti að koma fyrir sem trúverðugt vitni þar, varð hann að geta sýnt þekkingu á Grænlandi frá fyrstu hendi. Heimsókn þangað væri þessvegna skilyrði.

Ekki hefur tekist að finna örugga heimild fyrir því að slík pólitísk mótíf hafi legið að baki heimsókn hans í Grænlandi 1932, en 21. apríl 1933 skrifaði danski utanríkisráherra Peter Munch (1870–1948) til Hatts: „Hér með leyfi ég mér að tjá prófessornum þakklæti dönsku ríkisstjórnarinnar fyrir að þér með því að miðla af þekkingu yðar og reynslu í þágu hinnar dönsku málaferlu í hinum nýafstöðnu málaferlum um Austur-Grænland hafið lagt fram yðar skerf til hagstæðra málalykta“²¹.

Dakkir

Ég stend í mikilli þakkarskuld við Mjöll Snæsdóttur og Orra Vésteins-son, Fornleifastofnun Íslands, Guðmund Ólafsson, Þjóðminjasafni Íslands og Þór Magnússon, Reykjavík, fyrir upplýsingar um fólk, staði og bréfaskipti, einnig við Steen Lindholm fyrir að hafa farið í gegnum skjalasafn Dansk-Íslandsk Forening fyrir mig. Ég þakka enn fremur Þjóðminjasafni Íslands, Skive Kunstmuseum og Ringkøbing Museum, sem allra vinsamlegast hafa veitt mér afnot af ljósmyndum.

Dýðing: Svavar Sigmundsson

Skýringar og athugasemdir

1. Umsókn til Carlsbergfondet 18. maí 1932. Carlsbergfondets Arkiv. Hér á eftir eru allar tilvitnanir á dönsku þýddar á íslensku.
2. Styrkloforð frá Carlsbergfondet 27. maí 1932. Carlsbergfondets Arkiv.
3. Bréf frá 9. júní frá Daugaard Jensen, Grønlands Styrelse, til Hatts. Einkaskjöl Gudmund Hatts, böggull 7 (Rigsarkivet, København).
4. Lýsingin á heimsókn hjónanna til Íslands er byggð á minnisbók Gudmund Hatts (Einkaskjöl Gudmund Hatts. Rigsarkivet, København). Fram kemur þar, að af þeim filmum sem Hatt tók á meðan á dvölinni stóð, virðist aðeins ein hafa varðveist (í einkaeign höfundar; kópíur eru varðveittar á Þjóðminjasafni Íslands).
5. Staðurinn er Hveradalir við veginn yfir Hellisheiði, þar sem Daninn Andreas C. Høyer (1885–1958) ásamt Ericu konu sinni (1900–1982), sem fædd var í Lettlandi, byggði hús 1927–28 og settist þar að. Þau bjuggu á staðnum til 1933. Eftir það byggði Skíðafélag Reykjavíkur hús á staðnum þar sem nú er hótél. (Björn Pálsson, munnlegar upplýsingar).
6. Velþekkt er að baka brauð á þann hátt að málmbrúsi með deigi í er grafinn niður í heitan jarðveg nærri heitum hverum.
7. Hér er vitaskuld átt við Sigurð Sigurðsson, sem var búnaðarmálastjóri á árunum 1923–35.
8. Í Jarðabókinni stendur: „Stóre skógur (Tröllaskógur) er sem rúmlega hálf bærjarleið frá Litla skógi í Árbæjar landi, sem nú er haldið. Hefur án efa byggður verið til forna, og kirkja þar staðið, sem bevisa girðingar og mannabein, er uppblása í stórviðrum. Nú er bærjarstæðið og landið um kríng sumpart kafið sandi, sumpart komið í blásið hraun og vatnsból ekkert og þar fyrir aldeilis óbyggilegt“ (Jarðabók 1913–1917, 234).
9. Morgunblaðið 1. október 1932.
10. Thor Jensen (1863–1947) bjó á bænum Korpúlfsstaðir, sem var byggður fáum árum áður.
11. „D.B.“, sem Hatt vísar til, er auðvitað danski fornfræðingurinn Daniel Bruun (1856–1932), sem á tímabilinu 1896–1923 hafði dvalið þrettán sumur á Íslandi. Bruun minnst á kirkjuna á Víðimýri í bók sinni *Fortidsminder og Nutidshjem på Island* (Bruun 1928, 210).
12. Hermann Hjartarson var prestur á Skútustöðum í Mývatnssveit á árunum 1916–1924 og aftur 1925–1944.
13. „Konungshúsið“ var byggt 1907 í sambandi við konungskomuna en á öðrum stað. Húsið var seinna notað af íslenskum ráðherrum. Það brann 1970.
14. Finsen nefndi sjálfur nokkrar af mælingum sínum í grein í *Tilskueren* (Finsen 1933), en eiginleg útgáfa kom fyrst 1977 (Finsen & Hjort 1977).
15. Þetta bréf virðist ekki vera varðveitt.
16. Afrit í skjalasafni Þjóðminjasafns Íslands.
17. Einkaskjöl Gudmund Hatts, böggull 7 (Rigsarkivet, København).
18. Einkaskjöl Gudmund Hatts, böggull 7 (Rigsarkivet, København).
19. Einkaskjöl Gudmund Hatts, böggull 7 (Rigsarkivet, København).
20. Bréfið er varðveitt í einkaskjölum Gudmund Hatts, böggli 7 (Rigsarkivet, København). Engin bréfaskipti milli þeirra tveggja finnast í skjalasafni Dansk-Íslandsk Samfund í Kaupmannahöfn (Steen Lindholm, munnl. upplýsingar). Møller talar um að „þeir herrar séu góðir kunningjar“. Þó að ekki virðist vera varðveitt bréfaskipti

milli þeirra eftir 1933, er mjög líklegt að þeir hafi hist á faglegum ráðstefnum á fjórða áratugnum. Þeir tóku t.d. báðir þátt í *Det Sjette Nordiske Arkæologmøde*, sem haldið var í Danmörku í júní 1937, þar sem rannsóknin í Þjórsárdal 1939 var samþykkt af fornleifafræðilegum yfirvöldum Skandinavíu (Stummann Hansen 2004; 2005).

21. Einkaskjöl Gudmund Hatts, böggull 7 (Rigsarkivet, København).

Heimildir

- Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson & Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Reykjavík.
- Bruun, Daniel. 1928. *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*. København.
- Brynjúlfur Jónsson. 1900. Rannsóknin í Rangárþingi, sumarið 1889. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* (1900), 1–8.
- Demant Hatt, Emilie. 1922. *Ved Ilden. Eventyr og Historier fra Lapland*. København.
- Finsen, Arne. 1933. Nicolai Eigtveds Bygninger paa Island. *Tilskueren* 1933, 124–128. København.
- Finsen, Helge & Hjort, Esbjørn. 1977. *Gamle stenhuse i Island fra 1700-tallet*. København.
- Grieg, Sigurd. 1934. *Jernaldershus på Lista*. Oslo.
- Gry, Helge. 1961. Keld Milthers. 29. april 1907–2. marts 1960. *Meddelelser fra Dansk Geologisk Forening* 14 (1961), 426–432.
- Guðmundur Ólafsson. 1994. Fornleifarannsóknir á Bergþórshvoli. Í: Árni Björnsson, (red.), *Gersemar og þarfapíng. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*, 148–149. Reykjavík.
- Hatt, Gudmund. 1914. *Arktiske Skinddragter i Eurasien og Amerika. En etnografisk Studie*. København.
- 1931. Prehistoric Fields in Jutland. *Acta Archaeologica* II (1931), 117–158.
 - 1936. Oldtidens Landsby i Danmark. *Fortid og Nutid* XI (1936), 97–136.
 - 1937. *Landbrug i Danmarks Oldtid*. København.
 - 1949. Oldtidsagre. *Det Kongelige Danske Videnskabernes Selskab. Arkæologisk Kunsthistoriske Skrifter*, Bd. II, Nr. 1. København.
 - 1953. Early Intrusion of Agriculture in the North Atlantic Subarctic Region. *Anthropological Papers of the University of Alaska* 2, 1, 51–108.
- Jarðabók 1913–1917. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla*. Kaupmannahöfn.
- Júlíana Gottskálksdóttir. 1995. Jóhannes Kjarval. *Weilbach Dansk Kunstnerleksikon* 4, 283–284. København.
- Kristján Eldjárn & Gísli Gestsson. 1952. Rannsóknir á Bergþórshvoli. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* (1951–1952), 5–75.
- Lindholm, S. 2006. Dansk-Íslandsk Samfund dengang og nu. *Nyt fra Island* 2006:1, 29–53. Dansk-Íslandsk Samfund.
- Nørlund, Poul. 1924. Buried Norsemen at Herjolfsnes. *Meddelelser om Grønland* 67:3.
- 1928. Nordboudgravningerne ved Igaliko i Sommeren 1926. *Grønlandske Selskabs Aarskrift* 1927–1928, 55–67.
 - 1943. Forord. I: Stenberger, M. (red.), *Forntida gårdar i Island*, 7–8. København.
- Nørlund, Poul & Roussel, Aage. 1930. Norse Ruins at Gardar. *Meddelelser om Grønland* 76:1.
- Nørlund, Poul & Stenberger, Mårten. 1934. Brattahlid. Researches into Norse culture in Greenland. *Meddelelser om Grønland* 88:1.

- Petersen, Jan. 1933. *Gamle Gårdsanlegg i Rogaland. Fra forhistorisk Tid og Middelalder*. Oslo.
- 1936. *Gamle gårdsanlegg i Rogaland. Fortsettelse: Utsira, Lyngaland, Håvold, Birkelandstølen, Hanaland*. Oslo.
- Roussell, Aage. 1934. *Norse Building Customs in the Scottish Isles*. Copenhagen–London.
- 1936a. Sandnes and the Neighbouring Farms. *Meddelelser om Grønland* bd. 88:2. København.
- 1936b. En middelalderlig Badstue i Grønlands Nordbobygder. *Fra Nationalmuseets Arbejdsmark*, 67–70.
- 1938. Udgravninger i en afsides grønlandsk Nordbobygd. *Fra Nationalmuseets Arbejdsmark*, 55–64.
- 1941. Farms and Churches in the Mediaeval Norse Settlements of Greenland. *Meddelelser om Grønland* 89:1. København.
- Sigurdur Thorarinnsson. 1944. *Tefrokronologiska studier på Island*. København.
- Stenberger, Mårten. 1919a. Den isländska vulkanvärlden. *Göteborgs Handels- och Sjöfartstidning* 12.4.1919. Göteborg.
- 1919b. Från eldens och isens land. *Veckojournalen* 12.10.1919.
- 1919c. Ritter och strövåg i Nordisland. 1–2. *Göteborgs Handels- och Sjöfartstidning* 28.10.1919. Göteborg.
- 1919d. På fjällvandring i Island. *Göteborgs Handels- och Sjöfartstidning* 27.12.1919. Göteborg.
- 1920. Från sagornas ö. *Göteborgs Morgonpost* 7.2.1920. Göteborg.
- 1931. Remnants of Iron Age houses on Öland. *Acta Archaeologica* 2 (1931), 93–104.
- 1933. *Öland under äldre järnåldern: en bebyggelsehistorisk undersökning*. Stockholm.
- 1943 (red). *Fortida Gårdar i Island*. København.
- Stummann Hansen, Steffen. 1983. “En uoprettelig Forringelse af Landet. En Uret mod Nationen”. Gudmund Hatt og fredningen af det danske kulturlandskab. *Antikvariske Studier* 6, 36–50.
- 1998. Steep Slopes, Strong Winds and Wealthy Sportsmen. Aage Roussell and his Journey to the Scottish Isles in 1931. *Review of Scottish Culture* 12, 116–134.
- 1999a. Vi kaldte den Nordbodalen. Gudmund Hatts rejse til Grønland i 1932. *Tidsskriftet Grønland* 1999:2, 57–75.
- 1999b. Lange Bakker, Stærk Blæst og Velhavende Sportsmænd. Aage Roussell og hans Rejse til de Skotske Øer i 1931. *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie* (1997), 185–229.
- 2001. The Race for the Pan-Scandinavian Project in 1939. Settlement Archaeology in Iceland. *Acta Archaeologica* 72:2, 115–127.
- 2002a. Pompei Íslands. Norræni fornleifaleiðangurinn í Þjórsárdal 1939. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 2000, 69–112.
- 2002b. A Dane and the Dawning of Faroese Archaeology. *Fróðskaparrit* 50, 11–32.
- 2004. Mødet i Danmark – Torden i Syd. Det Sjette Nordiske Arkæologmøde 1937. *Publications of the National Museum. Studies in Archaeology and History* Vol. 8. Copenhagen.
- 2005. Islands Pompeji. Den Fællesskandinaviske Arkæologiske Ekspedition til Þjórsárdalur i 1939. *Publications from the National Museum. Studies in Archaeology & History* 11. Copenhagen.
- 2006. Fra Kryolitbrud til Doktordisputats. Aage Roussell og Nordbo-arkæologien. *Tidsskriftet Grønland* 2006:1, 12–23.

- Vigfús Guðmundsson. 1931. *Saga Oddastaðar*. Höfundur.
 – 1945. *Saga Eyrarbakka*, 1. Reykjavík.
 – 1949a. *Saga Eyrarbakka*, 2. Reykjavík.
 – 1949b. *Keldur á Rangárvöllum*. Reykjavík.
 – 1969. *Breiðabólstaður í Fljótshlíð*. Reykjavík.

Summary

On September 23, 1932, the Danish naval inspection vessel *Hvidbjørnen* left Qaqortoq (Julianehaab) in Southern Greenland bound for Iceland. Aboard the vessel were the Danish historian Poul Nørlund (1888–1951) and Swedish archaeologist Márten Stenberger (1898–1973), on their way home from the archaeological excavation of the farm of Eric the Red at Brattahlíð. Along with them were the Danish human geographer Gudmund Hatt (1884–1960) and his wife, the artist painter Emilie Demant Hatt (1873–1958).

During the 1920s Hatt had revolutionised Danish settlement archaeology and produced a fascinating new insight into the settlements, farmsteads and field systems of Early Iron Age society. Hatt's project in Greenland, however, was not primarily archaeological. He had conducted geographical surveys in the region around Brattahlíð in order to establish the potential for husbandry in the area. His project was funded by the Carlsberg Foundation, and the University of Copenhagen granted him a leave from teaching.

The inspection vessel *Hvidbjørnen* reached Reykjavík on the evening of September 26, and the Hatt couple set foot in Iceland for the first time. They, in company with their fellow travellers, visited the archaeological department of the National Museum of Iceland, and in the evening they were hosted by the director of the museum, Matthías Þórðarson.

On the following morning Þórðarson took them to the ancient farmstead Keldur in Southern Iceland. They tried attempted to enter Þjórsár Valley renowned for its substantial number of Medieval farmstead ruins, but upon reaching Húsatóftir realized they would not be able to because the road was impassable due to flooding. At dusk they finally arrived at Keldur, where they were hosted by its owner Skúli Guðmundsson (1862–1946) and wife Svanborg Lýðsdóttir (1863–1954). The company stayed overnight at Keldur.

The following day, Tuesday, September 29, the company visited a deserted farmstead in the area south of Keldur, and Hatt, with his newly acquired experience from Greenland, found it much more difficult to identify such ruins in Iceland than in Greenland. They also visited an ancient ruined church at *Tröllaskógur*. Later that day, Hatt wrote a rather extensive description of the buildings and history of Keldur, as well of its owner and his family. Before arriving back in Reykjavík in the evening, the group visited the farm *Ægissíða*.

While the rest of the visiting Danes now left for Denmark, the Hatt couple stayed for another couple of weeks in Iceland. On the 30th of September the couple went on a week-long excursion to the northern parts of Iceland. Hatt intensely produced detailed notes on matters, historical, archaeological, folkloristic and geographical along the route to Blönduós and Akureyri. He showed a special interest in buildings, customs

and field systems. For the following days Akureyri was used as a base for further excursions to various parts in the north, including Mývatn.

On Sunday October 9, Matthías Þórðarson with his wife and daughter took the Hatt couple to Þingvellir. Later that day Hatt was introduced to Arne Finsen, the architect, who had recently measured some of the historical buildings in Reykjavík.

The following week the Hatt couple spent some time with architect Finsen, in Southern Iceland. Keldur was their base, and from there they made excursions to Hof, Bergþórshvoll and Efri-Hvoll, among other places. The two latter sites were of special interest to Hatt as they contain preserved field-systems comparable to the Iron Age field-systems which he was recording in the moorlands of Jutland at the time.

After a farewell-dinner with Þórðarson and his family the Hatt couple left Iceland on October 15 bound for the Faroe Islands. They arrived in Copenhagen on October 28. By this time, the couple had spent five months in the North Atlantic.

After his return to Denmark, Hatt corresponded with Þórðarson and Finsen, but these communications seem to have faded out already during the following year. In August 1939 efforts were made by the chairman of the Danish-Icelandic Society in Copenhagen, Arne Møller (1876–1947), to establish a number of lectures by Hatt in Iceland. However, a few days after this attempt Europe was at war, and all plans had to be cancelled. The Hatt couple never visited Iceland again.

The recordings Hatt made of building customs and agriculture in Iceland formed part of his further work on these topics. Thus his observations were included in the Icelandic section of his impressive article *Early Intrusion of Agriculture in the North Atlantic Subarctic Region*, which was published in 1953. The observations in Iceland also helped Hatt a few years later for the first time to identify ruined Iron Age houses in the moorlands of Jutland.

Hatt acted as a consultant for the Danish Government in the on-going international case against Norway about the sovereignty over Greenland. Although it cannot be proven it is tempting to see Hatt's visit to Greenland in 1932 in this context.

Viðauki

Morgunblaðið 1. október 1932

Rannsóknir dr. Nörlunds í Grænlandi í sumar

Nákvæmar rannsóknir í Brattahlíð, bústað Eiríks rauða.

Margar merkilegar fornminjar fundnar – þar á meðal fjórar kirkjurústir, sem menn höfðu ekki rekist á áður.

Með Hvidbjörnen, sem kom hingað í vikunni komu þrír vísindamenn, er verið hafa í Grænlandi í sumar, þeir dr. Poul Nörlund, sem viðfrægur er fyrir hinar stórmerku fornleifarannsóknir í Íslendingabygðum þar vestra, dr. Mårten Steenberger, safnvörður við þjóðminjasafnið í Stokkhólmi, og dr. Gudmund Hatt, landfræðingur.

Í gær hafði Mbl. tal af þeim dr. Nörlund og Steenberger.

Frásögn dr. Nörlunds

Fornleifarannsóknirnar í Grænlandi í sumar voru víðtækari en undanfarin ár. Einn rannsóknarflokkur var í Vestribygð. Hann er kominn heim. Af honum hafði þið frjett.

Jeg fór um Eystri-bygð til að finna merka staði, og fá yfirlit yfir bygðina.

En nákvæm rannsóknin fór fram á Brattahlíð.

Rústirnir þar eru gamlar, enda þótt ekki verði fyllilega ákveðið hve gamlar þær eru. Sumar geta verið frá því um árið 1100, en aðrar frá 14. öld. Eftir að við komum hingað frá Grænlandi skruppum við austur að Keldum á Rangárvöllum til þess að skoða hin fornu híbýli þar, og svipar þeim mikið til híbýlanna, sem verið hafa í Grænlandi.

Af rannsóknunum í Brattahlíð er það ljóst, að þarna hefir verið höfðingjasetur, enda er hvergi nokkurs staðar í Grænlandi jafn bú-sældarlegt og þar. Þar er sljett tún og mikið, líklega um 30 hektarar, slægjur talsverðar utan túns og fjallahlíðarnar grösugar og gróðri vafðar, en slíkt sjest hvergi annars staðar í Grænlandi, því að annars staðar eru fjallshlíðar berar og hrjóstrugar. Er enginn efi á því, að Eiríkur rauði hefir ekki valið sjer bústað af handahófi, heldur hefir hann kannað landið fyrst og síðan valið þann bústað, sum honum leist best á. Þarna hefir líka verið stórbú, það sjer maður á hinum mörgu úthúsum.

Báshellurnar í fjósinu standa ennþá, og af básunum má sjá, að þar hafa verið 40 kýr í fjósi, og enn fremur hefir verið þar mesti fjöldi sauðfjár.

Landkostir hafa verið betri í Grænlandi áður.

Það er sýnilegt, að landkostir hafa verið miklu betri í Grænlandi áður, heldur en þeir eru nú – hverju, sem um er að kenna. Getur þar margt komið til greina og vil jeg ekki leggja neinn dóm á það. En ekki mundi Brattahlíð geta borið annað eins kúabú og þar hefir verið fyrrum. Nú búa þarna grænlenkir bændur, sem fengið hafa styrk til að reisa bú. Þeir hafa 5 kýr, en geta vart aflað heyja handa þeim. En þeir hafa nú um 1500 fjár og fyrir það er víður og góður afrjettur og útibeit ágæt. Gengur fje þarna sjálfala að mestu.

Víða annars staðar í Grænlandi sjer maður ennþá glöggvari merki þess hvað landinu hefir hrakað. Í sumum daladrögum hafa verið stórbýli, þar sem nú sjest varla stingandi strá. Víða hefir undirlendi sokkið í sæ, líklega stór landflæmi. Hefir lækkun landsins sumsstaðar verið svo hraðfara, að nú er sjávarborð 4–5 metrum hærra, heldur en var fyrir svo sem mannsaldri. Fyrir nokkrum árum var jeg í Vestri-bygð að grafa upp kirkjuna á Sandnesi. Þá hafði landið lækkað þar svo, að með flóði voru kirkjurústirnar í kafi. Sums staðar munu jöklarnir hafa átt sinn þátt í því að spilla landinu. Á einum stað á sunnanverðu Grænlandi ætludum vjer að skoða bæjarrústir, sem fundust fyrir 10 árum. Þær voru í fjarðarbotni hjá á, en jöklar alt um kring. Þegar vjer komum þangað sáust ekki örmul af þessum rústum. Jökullinn hafði skriðið þar yfir, jafnað rústirnar við jörðu og borið leir og möl yfir þær. Á enn öðrum stöðum hefir sandfök valdið tjóni, t. d. „undir Höfða“. Þar eru rústir þessa mikla bæjar sandorpnar og stór dalur þar inn af er alveg gróðurlaus, og er þar ekki annað en roksandur. Þetta á sjer þó ekki víða stað, og um uppblástur er ólíku saman að jafna á Grænlandi og Íslandi, hve stórbrotnari hann er hjer en þar.

Rannsóknirnar í Brattahlíð.

Það er eigi aðeins að stórbú hafi verið á sjálfu höfuðbólínu Brattahlíð, heldur hafa þar verið þrír aðrir bæir í landinu og skilur á eða lækur á milli þeirra og höfuðbólins. Vjer rannsókuðum aðeins höfuðbólíð. Þar fundum vjer rústir af stórri kirkju – hinni fornu Hlíðarkirkju. Hún hefir verið hlaðin úr sandsteini og standa undirstöður veggjanna vel enn. Umhverfis hana er kirkjugarður og þar fundum vjer nokkra legsteina. Eru það hellur, sem lagðar hafa verið á leiðin, og þeim hjer

um bil jafn stórar, en við höfuðendann hafa verið reistar hellur á rönd, og veit jeg ekki til að slíkur umbúnaður á leiðum hafi fundist áður. Engar rúnir voru á legsteinunum. Voru flestir alveg sljettir, en kross markaður á suma.

Vjer grófum upp nokkrar grafir í kirkjugarðinum, en fundum þar ekkert markvert, enda er jarðvegur þar þannig, að hvorki líkkistur nje annað hefir getað geymt þar lengi.

Þarna fundum vjer einnig rústir af skála allmiklum og munu þær vera mjög gamlar. Hefir skálinn verið um 22 metrar á lengd. En það sem oss þótti merkilegast við hann er það, að undan öðrum hliðarvegg, innarlega, kemur fram uppsprettulind. Er lindinni veitt eftir skálanum að endilöngu á miðju gólfi, og þakið yfir með hellum. Síðan er lindinni veitt út um hinn hliðarvegg hússins, skamt frá dyrunum. Hellurnar, sem þekja lindina, þar sem hún rennur í gegn um húsið, bera þess glögg merki að á þeim hefir brunnið eldur. Hús þetta stendur eitt sjer, og verður að svo komnu máli ekki um það sagt til hvers það hefir verið notað.

Annað fundum vjer mjög merkilegt þarna í túninu. Er það forn brunnur. Hann er ekki grafinn, heldur hlaðinn upp umhverfis uppsprettulind, sem verið hefir á milli tveggja steina. Öll er hleðslan úr steini, mjög vandlega gerð og stendur óhögguguð um mannhæðar-há.

Vjer fundum ennfremur mikið af forngrípum, líklega eitthvað um 200 muni. Þar á meðal eru leirker, pottar, ausur, og ýmiskonar önnur búsgögn, tunnustafir o. fl. o. fl. — — —

*Fjórar kirkjurústir fundnar. — Flugmenn taka myndir
úr loftinu af gömlum bygðum.*

Meðan Steenberger var að rannsóknunum í Brattahlíð, fór dr. Nörlund víða um og starfaði að öðrum rannsóknum með aðstoð leiðangurs dr. Knud Rasmussens. Eitt af því, sem gert var, var að láta flugmenn leiðangursins fljúga yfir mikinn hluta Eystri-bygðar og taka myndir úr loftinu. Var það aðallega gert til þess að uppgötva hvar fornir bústaðir hefði verið, því að hægara er að sjá það úr loftinu, heldur en með því að ferðast á landi.

Í sumar fann dr. Nörlund rústir af fjórum kirkjum, sem Ívar Bárðarson minnst á, en menn hafa ekki fundið áður. Eru það rústir kirkjunnar undir Sólarfjöllum, kirkjunnar á Miðnesi, kirkjunnar í Dýrafirði og klausturkirkjunnar í Hrafnfirði. Þar var nunnuklaustur og hefir þar sýnilega verið stórbú, eins og annars staðar, þar sem klaustur voru.

Umhverfis kirkjuna og klaustrið hefir verið hár og mikill grjótgarður, en annars eru rústirnar þar svipaðar og annars staðar.

Ekki var grafið í neinar af rústum þessum og bíður það annars tíma.

Ferð suður með landi og norður með austurströndinni.

– Jeg fór nú, segir Nörlund enn fremur, með leiðangri dr. Knud Rasmussen, suður fyrir Hvarf og all-langt norður með austurströnd Grænlands til þess að athuga hvort þar hefði ekki verið forn bygd Íslendinga. Var jeg mánaðartíma í þeirri för. Skamt frá Hvarfi fann jeg nokkrar bæjarústir, og get jeg ekki hugsað mjer ömurlegri staði til þess að reisa bygd á.

– Getur ekki verið, að þetta hafi verið bústaðir útlaga?

– Nei, það getur ekki verið. Til þess eru rústirnar alt of stórar. Þarna hafa verið stórir bæir. Sama máli er að gegna um bæjarústir, sem fundist hafa inni í dölum, þar sem nú er enginn gróður. Þar hafa víða verið stórbýli áður. Og sama máli er að gegna um bæina í fjörðum, þar sem nú er ófært að vegna jökuls.

Skáli Þorgils örrabeinsstjúps ófundinn enn.

– Komust þjer norður í Skjöldungafjörð til þess að athuga rústirnar, sem dr. Knud Rasmussen fann þar í fyrra, og hélt að væri leifar af skála Þorgils örrabeinsstjúps?

– Nei, jeg komst ekki alveg svo langt. En dr. Therkel Matthiesen gróf í þær rústir í sumar, og komst að þeirri niðurstöðu, að þótt þær væri ólíkar öðrum kofarústum Skrælingja, þá mundi þar hafa verið Skrælingjabygd, því að allir þeir munir, sem hann fann þar, voru frá Skrælingjum komnir.

Einkennin á þessum fornu rústum, þau, er bentu til þess að þar hefði norrænar hendur um fjallað, eru hvað veggirnir eru hlaðnir úr stóru grjóti. Í veggjum Skrælingjakofa eru jafnan smáir steinar og stafar það af því, að það eru konurnar, ekki karlmennirnir, sem veggina hlaða.

Dr. Nörlund ætlar ekki að fara fleiri rannsóknarferðir til Grænlands.

– Hvernig hafið þjer hugsað yður að haga framhaldsrannsóknum í Grænlandi?

– Jeg fer ekki oftar til Grænlands. Þetta er seinasta ferðin mín. Jeg er orðinn of gamall til þess að standa í þessu lengur, svarar dr. Nörlund, og þó er hann svo unglegur og frísklegur, að manni liggur við að brosa að slíkum upplýsingum.

– Nei, jeg fer ekki fleiri ferðir þangað, en rannsóknunum verður haldið áfram fyrir því. Nú tekur við Roussell byggingameistari, sem hefir verið aðstoðarmaður minn seinustu árin, sá sem stóð fyrir rannsóknunum í Vestri-bygð í sumar, og er nú nýkominn heim til Danmerkur með „Disko“. Það er ætlast til að rannsóknunum þar verði haldið áfram enn um eitt ár. Síðan fara fram rannsóknir í Eystri-bygð, líklega í Hvalseyjarfirði, þar sem Þorkell ullserkur, frændi Eiríks rauða, bjó, og þar sem enn stendur hin fræga Hvalseyarkirkja, merkilegasta handaverk, sem til er frá dögum fornmanna í Grænlandi. Svo á og að rannsaka Vatnabygðina, hjeradið, sem fyrrum hefir verið svo ótrúlega þjettbýlt, en er nú ekki sjerstaklega búsældarlegt, þótt landkostir sju þar betri en víða annars staðar, og þar muni enn í dag hægt að stunda sauðfjarrækt með góðum árangri. Vel á minst – sauðfjarrækt! Jeg skal segja yður það, að þrátt fyrir lágt verð hafa bændurnir í Brattahlíð um 3000 króna tekjur af búum sínum á ári, og það er mikið fje í Grænlandi, þar sem allar lífsnauðsynjar eru í mörgum sinnum lægra verði heldur en annars staðar! – – –